

Nordic Skincare Company ehf.  
Hlaðhömrum 10  
112 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024  
UST202403-025/B.B.B.  
07.00

### Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 28.2.2024 þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með snyrtivörum, í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram í verslun Hagkaupa og voru tvær snyrtivörur sem fyrirtækið Nordic Skincare Company ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á valdar af handahófi.

Fyrirtækið sendi prófarkir fyrir nýjar umbúðir sem nota á fyrir vörurnar til Umhverfisstofnunar. Þar koma fram uppfærðar upplýsingar um ábyrgðaraðila. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir svo framarlega sem vörurnar verði framvegis merktar með uppfærðum merkingum.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með snyrtivörum sem eru framleiddar eða skráðar á ábyrgðaraðila hér á landi og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem lentu í úrtaki. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Nordic Skincare Company ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Upplýsingar um snyrtivörur, REACH og þrávirk lífræn efni má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/efni/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur, varðandi eftirlitsverkefnið í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Bergdís Björk Bæringsdóttir,  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir,  
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla